



Fréttabréf hjúkrunar og ljósmóðurfræða á Landspítala 2. tbl. 2024

- Útgefandi: Ólafur G. Skúlason framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala
- Ritstjórn: Eygló Ingadóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri
- Myndir: Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Landspítala og fleiri


Árið 2024 var annasamt á Landspítala eins og svo oft áður en mikill tími fer í að finna farsælar lausnir fyrir sjúklinga og aðra skjólstæðinga okkar hér á spítalanum. Við erum líka jafnan í miklu og góðu samstarfi við stjórnvöld og aðrar stofnanir til að finna lausnir utan spítalans og hér innanhúss er stöðugt verið að leita nýrra leiða til að gera betur.



Nýtt fréttabréf Landspítala, Spítalapúlsinn, hóf göngu sína á árinu og voru gefin út þrjú tölublöð árið 2024, [sjá hér](#). Við munum því hætta að gefa út þetta fréttabréf með yfirliti yfir árið en gefa áfram út fréttabréf eftir hvern starfsvetur tileinkað starfsemi fagráða í hjúkrun og ljósmóðurfræðum.

Ólafur G. Skúlason framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala

Skipulag og samráð um hjúkrun



- Árið 2024 tók nýtt skipurit gildi og var nýtt stjórnunarlag forstöðumanna ráðið en verkefni þeirra er að styðja við rekstur klínískra eininga auk þess sem tveir þeirra eiga að stuðla að eflingu vísindastarfs þvert á spítalann og leiða aðkomu Landspítala að uppbyggingunni á nýbyggingunum við Hringbraut. Af þessum [21 forstöðumanni](#) eru 11 forstöðuhjúkrunarfræðingar.

- Endurnýjuð sýn og stefna hjúkrunar var gefin út á árinu og má hana [sjá hér](#).
- Þrjár stefnuráðsfundir hjúkrunar voru haldnir á árinu en í framtíðinni verða haldnir tveir slíkir fundir á ári. Á stefnuráðsfundum kallar framkvæmdastjóri hjúkrunar saman stjórnendur, sérfræðinga í hjúkrun, forstöðumenn fræðasviða í hjúkrun og fleiri lykilaðila til samráðs um málefni hjúkrunar á Landspítala.
- Ný rafræn gæðahandbók var tekin í notkun á árinu en hún heitir CCQ og hefur yfirfærsla á gæðaskjölum gengið bærilega. [Hér](#) er hægt að skoða gæðahandbókina.
- Sérstök rafræn verkefnagátt var tekin í gagnið á Landspítala á árinu en hún er vefsvæði sem heldur utan um öll verkefni sem stofnað er til á spítalanum. Verkefnagáttin auðveldar yfirsýn, samvinnu, rekjanleika og tengingu við markmið, stefnu og gildi Landspítala. Verkefnagáttina er hægt að [sjá hér](#).

Evrópudagur sjúkraliða

- 26. nóvember ár hvert er Evrópudagur sjúkraliða og tilefni til að heiðra og viðurkenna framlag þeirra í heilbrigðisþjónustunni. Í tilefni dagsins 2024 var á Landspítala birt viðtal við Ólaf G. Skúlason, framkvæmdastjóra hjúkrunar, og Ástu Dís Gunnlaugsdóttur, sjúkraliða á 12G, um hæfnistjórnumarkerfi sem verið er að vinna að á spítalanum, [sjá hér](#).



Alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga

- 12. maí ár hvert er Alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga og hefð fyrir að halda upp á viku hjúkrunar um það leyti. Árið 2024 voru tvö fjölmenn málþing í viku hjúkrunar en einnig rafræn veggspjaldakynning sem hægt er að [sjá hér](#).
 - Þögnul bylting í þjónustu við sjúklinga: Málþing um hjúkrun á göngudeildum Landspítala. Dagskrá málþingsins er hægt að [sjá hér](#).
 - Óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu: Ný löggjöf – hvað svo? Dagskrá málþingsins er hægt að [sjá hér](#).

Verkefni sem efla hjúkrun

- [Nýr fræðsluvefur um brunaáverka](#) var opnaður á árinu en á honum er leitast við að svara algengum spurningum sem eiga við börn og fullorðna með stór eða lítil brunasár. [Hér má sjá viðtal](#) við Lovísu Baldursdóttur, sérfræðing í hjúkrun, um fræðsluvefinn en hún hefur sérþekkingu á hjúkrun sjúklinga með brunasár.
- Starfsmanna appið, Starfsfólk Landspítala, er sérstakt app sem er í þróun fyrir starfsfólk og tengist þjónustu við sjúklinga. Það verður t.d. hægt að taka ljósmynd í appinu og senda beint í sjúkraskrá og margar viðbætur munu koma í nánustu framtíð, s.s. skráningu á mælingum og áhættumöt. Einnig verða skráningarform Heilsugáttar aðgengilegt.
- Markvisst hefur verið unnið að því að gera skráningu skilvirkari með því að nota Heilsugátt en nú má þar skrá hjúkrunargreiningar, meðferð og verkþætti á skilvirkan hátt, sjá [leiðbeiningar hér](#).
- Fagráð Landspítala hélt málþingið Hvað skiptir þig máli / What Matters to you? 3. október 2024 í samvinnu við [alþjóðlega hreyfingu heilbrigðisstarfsfólks](#) sem vill efla þekkingu á því hvernig ræða megi við sjúklinga um það sem skiptir þá raunverulega máli. Dagskrá málþingsins er [hér](#).

Gæðamál í hjúkrun

- Sérstök áhersla er á þrjú gæðamál í hjúkrun á Landspítala en það er fyrirbygging byltna, þrýstingssára og óráðs hjá sjúklingum.
- Óráðsvarnir
 - Ný stýrinefnd um fyrirbyggingu óráðs sjúklinga hóf starfsemi sína í árslok 2023. Nefndin hefur t.d. unnið að endurskoðun gæðaskjala, unnið að því að koma DOS áhættumati á skjáborð og unnið að markvissri fræðslu.
- Byltuvarnir
 - Áfram fjölga skráðum byltum hjá sjúklingum á Landspítala, en þær voru 6,7 á 1000 legudaga árið 2024, 5,5 á 1000 legudaga árið 2023 og 5,3 árið 2022. Sama þróun virðist vera víða erlendis. Margar ástæður geta legið þarna að baki, t.d. aukinn hrumleiki og hjúkrunarþyngd sjúklinga.
 - Dagana 22. - 27. september 2024 var haldin alþjóðleg vika byltuvarna á Landspítala og áherslan að þessu sinni á hættur í sjúkrahúsumhverfinu sem leitt geta til þess að fólk hrasar og dettur. [Hér má sjá myndband](#) með viðtali við Bergþóru Baldursdóttur, verkefnastjóra byltuvarna, Sesselju Lind Magnúsdóttur

deildarstjóra og Jakobínu Rut Daníelsdóttur, sérhæfðs sjúkraliða, um mikilvægi umhverfisúttekta.

- Verið er að prófa nýja tæknilausn til að fyrirbyggja byltur sjúklinga á hjartadeild Landspítala. Sérstakur nemi skynjar hreyfingu sjúklinga og lætur vita ef þeir ætla að fara fram úr rúmi eða stól. Kerfið verður notað næstu tvö árin til prufu, [sjá frétt hér](#).
- Þrýstingssáravarnir
 - Gerð var gæðakönnun á þrýstingssárum hjá börnum á Barnaspítala Hringins og kom í ljós að 8% þeirra voru með 1. stigs þrýstingssár. Stofnaður hefur verið hópur þvert á svið og deildir um þrýstingssárahættu barna og fyrirbyggingu þeirra.
 - Á alþjóðlegum degi þrýstingssáravarna 21. nóvember var þemað „Hællinn upp“ en haldið var upp á daginn með „hælahornum“ í Fossvogi, á Hringbraut og Landakoti. Þar voru kynntar [nýjar leiðbeiningar](#) og sýndar aðferðir til að varna þrýstingssárum á hælum.
 - Á vormánuðum var ný vefsíða með fræðsluefni um þrýstingssáravarnir fyrir heilbrigðisstarfsfólk opnuð. Um er að ræða veglega vefsíðu með upplýsingum um allt það helsta sem heilbrigðisstarfsfólk þarf að vita til að varna þrýstingssárum, slóðin er www.landspitali.is/thrystingssaravarnir-fagfolk
 - Gefið var út nýtt gæðaskjal með [leiðbeiningum um dýnur og þrýstingssáravarnir](#), en þar er lýst eiginleikum, notkun og geymslu á svampdýnum, loftdýnum án mótors og loftdýnum með mótör. Einnig voru útbúin viðmið um val á dýnu sem gott er að hafa við höndina þegar velja skal dýnu fyrir sjúkling, [sjá hér](#)

Nám og þjálfun á Landspítala

- Deild A4 í Fossvogi (HNE, lýta-, æða- og bæklunarskurðeild) fékk viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsumhverfi hjúkrunar- og sjúkraliðanema fyrir skólaárið 2023-2024. Ólafur G. Skúlason, framkvæmdastjóri hjúkrunar, veitti viðurkenninguna, [sjá frétt hér](#).
- Nú er fjöldi námskeiða í Eddu, rafrænu námsumsjónarkerfi Landspítala, sjá á www.edda.landspitali.is



- Menntadeild Landspítala starfrækir sérstök starfsþróunarár fyrir nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga og ljósmæður.
 - Fyrra starfsþróunarár hjúkrunarfræðinga byrjar strax að hausti eftir útskrift og felst í margskonar þjálfun fyrir flókin störf í hjúkrun og er þátttökuskylda á árinu fyrir nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga. Seinna starfsþróunarár hjúkrunarfræðinga tekur við af hinu fyrra. Metfjöldi tekur nú þátt í fyrra starfsþróunarárinu eða um 120 hjúkrunarfræðingar.
 - Starfsþróunarár ljósmæðra 2024-2025 sækja 13 nýútskrifaðar eða nýlega útskrifaðar ljósmæður sem starfa á Landspítala, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Markmið starfsþróunarárs ljósmæðra er að tryggja öryggi sjúklinga og tryggja gæði ljósmæðraþjónustu með því að efla þekkingu og færni nýútskrifaðra ljósmæðra.
- Menntadeild Landspítala býður upp á sérhæfð námskeið í endurlífgun fullorðinna, barna og nýbura skv. stöðlum Evrópska endurlífgunarráðsins. Haldin voru fjölmörg námskeið á árinu 2024.
- Unnið er að sérstökum hæfniviðmiðum í hjúkrun og er þeim ætlað að tryggja gæði hjúkrunar og öryggi sjúklinga.
 - Fagráð í hjúkrun hafa unnið að sérhæfðum hæfniviðmiðum fyrir hjúkrunarfræðinga en grunnhæfniviðmið eru tilbúin og er unnið eftir þeim við aðlögun nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga síðan 2021. Allir nýútskrifaðir fá mentor á deild, sem fá sérstaka þjálfun í hlutverki sínu.
 - Verið er að vinna að hæfniviðmiðum fyrir sjúkraliða á Landspítala en ákveðið var að byrja á byltu-, óráðs- og þrýstingssáravörnum sem eru sérstök áhersluatriði í hjúkrun. Vonast er til að byrja að vinna eftir þessu á árinu 2025.
- Þann 2. febrúar 2024 var málþing og útskrift sjö hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra úr sérfræðinámi á Landspítala. Námið er til tveggja ára sjá [frétt hér](#) og meðfylgjandi myndir.

